



FÉL1A05Þ – Félagsfræði

Námsáætlun, haustönn 2023

Kennari/kennarar: Hermína Huld Hilmarsdóttir	Netfang/netföng: hermina.hilmarsdottir@borgo.is
-------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------

Lýsing:

Í áfanganum er fjallað um gagnvirk áhrif einstaklings og samfélags. Nemendur kynnst því hvernig félagsfræðin skoðar samband einstaklings og samfélags. Nemandinn tileinkar sér helstu hugtök félagsfræðinnar svo sem gildi, viðmið, félagslegt taumhald, hnattvæðing, fjölmening, hlutverk, staða, sjálfsmynd og notar þau til að greina umhverfi sitt nær og fjær. Fjallað er um þróun íslensks samfélags og megineinkennum þess lýst. Sérstök áhersla er lögð á að fjalla um menningarlegt umhverfi, félagsmótun einstaklingsins almennt, málefni fjölskyldunnar, kynhlutverk og mikilvægi stjórn mála í síbreytilegum heimi. Þá er fjallað að hluta um félagsfræðina sem fræðigrein og námsgrein og helstu frumkvöðlar hennar eru kynntir.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnhugtökum félagsfræðinnar.
- ólíkum félagsmótunaraðilum sem hafa áhrif á mótun einstaklings og umhverfis.
- mismunandi fjölskyldugerðum og hjúskaparháttum.
- uppbyggingu íslensks stjórnkerfis m.t.t. þrískiptingu ríkisvalds, þingræðis og lýðræðis.
- mismunandi hugmyndafræði stjórn mála.
- gagnsemi félagsfræðilegrar umræðu um samfélagsleg málefni líðandi stundar.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla sér upplýsinga um mismunandi menningarsamfélög.
- útskýra helstu áhrif sem félagsmótunaraðilar hafa á börn og unglunga.
- vinna með upplýsingar um mismunandi fjölskyldugerðir og hjúskaparhætti á hagnýtan og fjölbreytilegan hátt.
- útskýra skilmerkilega uppbyggingu og boðleiðir í íslenska stjórnkerfinu.
- beita samanburði á mismunandi hugmyndafræði stjórn mála.
- fjalla skilmerkilega um samfélagsleg málefni bæði munnlega og skriflega.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leggja mat á upplýsingar um menningar- og samfélagstengd málefni líðandi stundar. Þetta er metið með frammistöðu nemenda í skriflegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.
- leggja mat á fordóma gagnvart tilteknum menningar- og þjóðfélagshópum og greina mögulegar ástæður þessara fordóma með rökræðu um málefnið. Þetta er metið með þátttöku í samræðum og hópavinnu.
- tengja félagsfræðileg hugtök við daglegt líf og sjá notagildi þeirra. Þetta er metið með leitarnámi nemenda, hópvinnu, kynningu nemenda á niðurstöðum og skriflegu hlutaprófi.

leggja mat á eigin félagsmótun og efla eigin sjálfsmynd með persónulegri ígrundun. Þetta er metið með skriflegu verkefni og umræðum.

Námsmat:

Hlutapróf 40% : Fimm hlutapróf (þar af eitt munnlegt). Fjögur próf gilda til lokaeinkunnar.

Lestrardagbók 25%: Nemendur skrifa dagbók vikulega úr lesefninu

Önnur verkefni 25%: Einstaklingsverkefni og önnur verkefni. (6 verkefni 5 bestu gilda til lokaeinkunnar, 5% hvert)

Kennaramat 10%: Mat sem byggir á frumkvæði, virkni, samvinnu og ástundun nemenda.

Áfanginn er fimm feiningar – það felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám verði um tvær klukkustundir á viku.

{Sundurliðað, tímasetningar í töflu á baksíðu}

Námsgögn:

Kemur félagsfræðin mér við? Björn Bergsson, Nína Rós Ísberg, Stefán Karlsson. IÐNÚ 2015.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Kennsluáætlunin kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur.

Verkefni taka bæði til lesefnis og þess sem fram kemur í fyrirlestrum og verkefnavinnu. Ástundun er mikilvægur þáttur í náminu.

Gerð er krafa um að óútskýrðar fjarvistir fara ekki upp fyrir 15% af heildarmætingu, í samræmi við skólasóknarreglu

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
33	18. ágúst		<i>Nýnemadagur</i>
34	21.-25. ágúst	Kynning á áfanganum. Kafli 2 Menning; bls. 41-51	
35	28.ágúst -1. sept.	Kafli 2: Menning bls. 51-58	Verkefni 1 (5%)
36	4.-8. sept.	Kafli 2: Menning bls. 58-70	Hlutapróf 1 10%
37	11.-15. sept.	Kafli 3: Samfélag bls. 71-77	
38	18.-22. sept.	Kafli 3: Samfélag bls. 77-88	Verkefni 2 (5%)
39	25.-29. sept.	Kafli 3: Samfélag bls. 88- 103	Hlutapróf 2 10%
40	2.-6. okt.	Kafli 3: Samfélag bls. 103-108	<i>Heilsudagur Undirb./úrv. Vörðuvika I</i>
41	9.-13. okt.	Kafli 4: Félagsmótun bls. 109-116	
42	16.-20. okt	Kafli 4: Félagsmótun bls. 116-126	Verkefni 3 (5%)
43	23.-25. okt.	Kafli 5: Fjölskyldan bls. 127- 132	<i>Hausthlé fimmtud. og föstud. Verkefni 4 (5%)</i>
44	30. okt. - 3. nóv.	Kafli 5: Fjölskyldan bls. 132- 146	Hlutapróf 3 10%
45	6.-10. nóv.	Kafli 7: Trúarbrögð bls. 201-206 og 224-236	<i>Undirb./úrv. Vörðuvika II. Verkefni 5 (5%)</i>
46	13.-17. nóv.	Kafli 1: Félagsfræði sem fræðigrein bls. 11-24	Hlutapróf 4 10%
47	20.-24. nóv.	Kafli 6: Stjórnmal bls. 147-156	
48	27. nóv. - 1. des.	Kafli 6: Stjórnmal bls. 159-174	
49	4.-8. des	Kafli 6: Stjórnmal bls. 174-193	Verkefni 6 (5%)
50	11.-13. des	Kafli 6: Stjórnmal bls. 174-193	<i>Síðasti kennsludagur Hlutapróf 5 10%</i>
		Einkunnaskil	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.